

SKÓLANEFND STYKKISHÓLMS

146. fundur. Haldinn miðvikudaginn 19.apríl kl. 16:30 í Ráðhúsi Stykkishólms

Nefndarmenn: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Jón Einar Jónsson fulltrúi, Ásmundur Guðmundsson fulltrúi, Magda Kulinska fulltrúi, Sigurður R. Bjarnason varamaður Kolbrúnar Guðrúnardóttur fulltrúa, sem boðaði forföll.

Áheyrnarfulltrúar: Lára Björg Björgvinsdóttir fulltrúi foreldrafélags grunnskólans.

Skólastjórar Grunnskóla: Gunnar Svanlaugsson og Berglind Axelsdóttir og áheyrnarfulltrúi starfsmanna, Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir

Formaður setti fund kl. 16:30

Fundurinn var helgaður málefnum grunnskólans.

Dagskrárliðir

1) Skýrsla skólastjóra (Gunnar Svanlaugsson)

Verið er að ljúka starfsárinu og undirbúa það næsta. Fólki líður almennt vel. Starfsmannaviðtölum, 40 talsins, er nýlokið. Skólinn hefur nýverið fengið að gjöf ípada, alls 22 talsins frá ýmsum aðilum í bænum, alls eru ípadar skólans nú 46 talsins.

Þrjú kennarar og einn stuðningsfulltrúi eru að láta af störfum í lok vetrar auk skólastjóra. Eitthvað er um að fólk í fullum stöðum hugleiði minnkað starfshlutfall eða fólk í skertum stöðum hugleiði að auka jafnvel við sig. Auk þess hafa kennarar vissu svigrúm innan vinnuáætlunar sinnar til að skipta út einhverri teymisvinnu fyrir aðeins meiri kennslu eða öfugt. Yngri kennarar eru sækir í axla aukna ábyrgð á skólastarfi, sem er mikilvægt þegar svo mikil endurnýjun í starfsliði vofir yfir.

Ljóst er að grunnskólinn mun auglýsa eftir íslenskukennara fyrir veturinn 2016-2017. Kennurum mun fækka því stöðurnar sem eru að losna (almenn kennsla, heimilisfræði og náttúrufræði) deilast á nokkra núverandi kennara sem voru áður en í hlutastarfi en passa menntunar sinnar vegna í þessar stöður. Spurt var hvort stefnan væri að vera með fullar kennarastöður. Gunnar svarar að það sé á margan hátt þægilegra og auk þess sem nokkrir núverandi kennarar í hlutastarfi hafa óskað eftir fullum stöðum en ekki getað fengið. Auk þess getur verið nokkuð þúsluspil að auglýsa stöður sem eru skilgreindar 50-80% og erfitt að fá þannig nýtt fólk annars staðar frá.

Lögð eru fram drög að skóladagatali 2016-2017, sem í ár er unnið sameiginlega af skólastjórum allra skólanna. Skóladagatalið má sjá á heimasíðu skólans. Skólaárið (fjöldi starfsdaga) nær frá 20. ágúst til 10. júní. Vetrarfrí 12. okt til 18. okt verður nýtt

til námsferðar starfsfólks til Toronto í Kanada (þar af einn starfsdagur 18. okt), annað er nokkuð hefðbundið. Tilgangur námsferðar er að kynna sér uppeldi til ábyrgðar og notkun ipada í kennslu.

Spurt er um nýjar áherslur í náttúrufræðikennslu og munu þær verða ræddar síðar. Spurt er um samræmd próf, sem verða rafræn og samtímis fyrir 9. og 10. bekk sem er nýlunda.

2) Drög að sjálfsmatsáætlun Grunnskóla 2016 – 2017 (Berglind Axelsdóttir)

Lögð fram drög að sjálfsmatsáætlun og þar er margt upplýsinga um viðhorf og líðan starfsfólks. Unnið er að nýjum skólareglum, en þær gömlu þóttu hvorki skýrar né óskýrar skv. viðhorfskönnun meðal starfsfólks. Um drög er að ræða og vantar m.a. nemendakönnun sem enn er verið að vinna úr. Vonir standa til endurskoðunar eineltisáætlunar skólans.

3) Fundargerð 145. fundar var samþykkt.

4) Siðareglur kjörinna fulltrúa Stykkishólmsbæjar. Framlagt bréf með siðareglunum, staðfest frá Innanríkisráðuneyti og dagsett 17. mars 2016.

5) Skýrsla skólapingis 2015. Framlagt. Skólapingið fjallaði um læsi nemenda og vinnumat kennara. Skýrsluna má finna á http://www.samband.is/media/skolathing-2015/Skyrsla-Skolathings-sveitarfelaga_2015_word.pdf

6) Ráðningarferli skólustjóra við Grunnskóla Stykkishólms. Fjórir sóttu um stöðuna en frestur rann út 14. apríl sl. Attendus ráðningar sjá um ráðningarferlið og fara 2 hæfustu umsækjendurnir í viðtal á næstunni.

Jón Einar Jónsson ritaði fundargerð sem er tvær blaðsíður í tölvu og sex tölusettum liðum.

Fundi slitið kl. 18:00,

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir (sign)

Jón Einar Jónsson ritari (sign)

Ásmundur Guðmundsson (sign)

Magda Kulinska (sign)

Sigurður Bjarnason (sign)

Lára Björg Björgvinsdóttir (sign)

Gunnar Svanlaugsson (sign)

Berglind Axelsdóttir (sign)